

Samstarfsáætlun Iðavallar og Oddeyrarskóla veturinn 2015 - 2016

Markmið

Að auðvelda börnum það skref að hefja nám í grunnskóla og auka faglegt samstarf milli leik- og grunnskólakennara.

Sept.:

- Kennarar frá Iðavelli og kennarar 1. bekkjar hittast til að ræða kennslufyrirkomulag og samfellu milli skólastiga.
- Deildarstjórar skólanna hittast og setja niður dagsetningar fyrir heimsóknir.

Okt.:

- Heimsókn allra elstu barna frá Iðavelli á bókasafn skólans.
- Stefnt að einni útiheimsókn 1. bekkjar á Iðavöll. Kennarar í 1. bekk hafa samband við leikskólann.
- Hópar af Iðavelli koma í heimsókn, taka þátt í kennslustund í bekkjarstofu og íþróttum. Fimmtudagar 8., 15. og 22. október kl. 10:35. Einn hópur í kennslustund og annar í íþróttum.

Nóv – des:

- Dagur íslenskrar tungu, 16. nóv. Mánudaginn 16. nóv. fara 4-6 nemendur úr 4. bekk á Iðavöll og lesa fyrir elstu börnin þar. Mæting 10:45.
- Heimsókn 1. bekkjar á Iðavöll miðvikudag 2. desember. Mæting um kl. 10:30. Jólafondur með elstu börnum leikskólans.
- Nemendur 7. bekkjar fara í lestrarstund á Iðavöll föstudaginn 11. desember kl. 9:00. Nemendur skipta sér á deildir, 4 – 6 saman og lesa jólasögu fyrir börnin. Sögurnar eru valdar m.t.t. aldurs hlustenda og nemendur eru búnir að æfa sig í skólanum. Æfing fyrir upplestrarkeppnina. Boðið í morgunverð og samveru á deildum á eftir.

Janúar

- Elstu börnum Iðavallar boðið að sjá árshátíðaratriði 1. og 2. bekkjar fimmtudag 21. janúar kl. 10.

Febrúar - mars

- Útiheimsókn á Iðavöll. 1. og/eða 2. bekkur hvenær sem er.
- Hópar af Iðavelli koma í heimsókn, taka þátt í kennslustund í bekkjarstofu og íþróttum. Fimmtudagar 25. febrúar, 3. mars og 10. mars.

Apríl-maí

- Kennarar/kennari verðandi 1. bekkjar heimsækir leikskólann og skoðar starfið þar.

- Sameiginlegur útivistardagur elstu barna leikskólans og tilvonandi vinabekkjara. Stefna á gönguferð með nesti, leikjum o.þ.h. Áætlað í lok apríl/byrjun maí. ATH. góðviðrisdag á föstudegi.

Undirbúningur í skóla:

- ✓ Láta vita í Lystigarð. Tryggja opin salerni þar.
 - ✓ Para saman nem. í 7. bekk við leikskólabörn í ljósi skráninga frá heimsókn í mars.
 - ✓ Hóparnir úr Oddeyrarskóla og Iðavelli hittast á Eiðsvelli þar sem 7. bekkingar finna sinn vin. Brýnt fyrir nemendum að leiða litlu börnin og passa þau vel.
 - ✓ Gengið upp í Lystigarð, nesti og leikir
 - ✓ Gengið heim. 7. bekkur fylgir leikskólabörnum heim á Iðavöll.
- 7. bekkur fer ef færi gefst í heimsókn í útiveru á Iðavöll til að halda kynnum við verðandi vini.
 - Kennarar hittast, ræða veturinn og leggja línurnar fyrir næsta skólaár.
 - Leikskólabörn búa til hlut (t.d. stein í poka) sem verður eftir í leikskólanum þegar börnin hætta en þau sækja í fyrstu heimsókn eftir að í grunnskóla er komið.

Annað sem er gegnumgangandi allan veturinn:

- Iðavöllur heldur áfram að koma með börn í íþróttasal skólans á mánudögum eftir kl. 10.
- Leikskólabörnin halda áfram að koma við á skólabókasafninu og kíkjja á fuglasafnið þegar þeim hentar.
- Nemendur Oddeyrarskóla fá að kíkjja í útiveru hjá Iðavelli öðru hvoru og leika við börnin þar.
 - ✓ Þarf ekki langan fyrirvara
 - ✓ Gildir fyrir alla bekki
 - ✓ Heppilegast milli kl 10:30 og 11:30 á morgnana
 - ✓ Láta Ingu eða aðra á Iðavelli vita daginn áður eða strax að morgni
- Kennarar skólanna skoða starfið hver hjá öðrum þegar þeir óska eftir því.

Endurskoðað í september 2015.